

B. H. Bjarnasonar fram kom og mótmæli gegn henni, er aptur á móti ekkert innfært í rjettargjörðirnar beinínis eptir skiptabókinni, og það bætir eigi úr þessu, þótt í hinu innfærða rjettarhaldi 12. ágúst f. á. sje, næst á undan úrskurðinum, sem áfrýjað er, skotið inn, að því er virðist, frásögn skiptaráðandans af skiptafundi, sem haldinn hafi verið í búinu 19. júní f. á., hvað þá hafi verið bókað eptir málsaðilum viðvíkjandi hinni umræddu kröfu B. H. Bjarnasonar og að sætt hafi verið reynd.

Með því að áfrýjandinn samkvæmt þessu hefur eigi lagt fram fullnægjandi rjettargjörðir í máli þessu, eptir því, sem boðið er í N. L. 1. 6. 10. sbr. 1. 5. 13., verður ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum og virðist rjett að áfrýjandinn greiði stefnda, kaupmanni O. A. Olavsen í Keflavík, sem látið hefur mæta fyrir sig hjer fyrir rjettinum, samkvæmt kröfu hans, 6 krónur í kost og tæring.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn B. H. Bjarnason, greiði stefnda O. A. Olavsen í kost og tæring 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 55/1889.

Jón Gíslason
gegn
stjórn landsbankans

Dómur:

Hinn 24. dag nóvembermánaðar 1883 tók tómtús-

maður Guðmundur Guðmundsson á Arnarhólslóð í Reykjavík 250 kr. að láni hjá sparisjóð Reykjavíkur, og veðsetti til tryggingar fyrir láni þessu, vöxtum af því og væntanlegum kostnaði, með fyrsta forgöngurjetti húseign sína í Reykjavík, steinhús á Arnarhólslóð, 501 kr. að virðingu, með lóð og öllu er eigninni fylgdi, og var brunabótaábyrgð hússins einnig innifalin í veðsetningunni. Áminnt veðskuldabréf var afhent landsbankanum til eignar 19. apríl. 1887. Með því að skuldnaatur eigi hafði greitt hina áskildu vexti af láninu frá 11. des. 1885, heimtaði stjórn landsbankans með bréfum 4. apríl 1888 og 6. apríl 1889, að bæjarfógetinn í Reykjavík framkvæmdi fjármán í húseigninni samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, 15. og 16. gr., og seldi hana síðan á opinberu uppboði til lúkningar skuldinni. Hinn 16. aprílmán. 1888 ljet bæjarfógetinn stefnuvotta birta Guðmundi Guðmundssyni, að fjárnám myndi verða gjört í eigninni að 3 dögum liðnum. Fjárnámið var þó eigi gjört fyr en 12. apríl 1889, og var fjárnámið þá gjört í hinni veðsettu eign, steinhúsi eða bæ Guðmundar Guðmundssonar, fyrir skuldarhöfuðstól, ógreiddum vöxtum og öllum kostnaði. Síðan var eignin, hús eða bær Guðmundar, eins og það ýmist er kallað, og stundum kennt við Lindargötu, auglýst til sölu á löglegan hátt, og fór 1. uppboð fram 1. maí 1889. Á tjeðu uppboði mætti timburmaður O. J. Haldorsen, og mótmælti því, að $\frac{1}{2}$ bærinn yrði seldur, með því að hann væri eign Jóns Gíslasonar, og hefði hann veðsett sjer þenna bæjarhelling með veðbréfi 14. febrúar 1888, þinglesnu 16. sama mánaðar. Þessum mótmælum var hrundið með úrskurði uppboðsrjettarins, uppkveðnum 15. maímán. f. á., og fram fór þá annað uppboð á eigninni. Þegar 3.

uppbod á eigninni átti að fara fram, hinn 31. maímán. síðastliðinn, komu þeir fram fyrir uppbodsrettinum, O. J. Haldorsen og Jón Gíslason, og mótmæltu því, að $\frac{1}{2}$ húseignin yrði seld, með því að hún væri eign Jóns Gíslasonar, og hann hafi veðsett O. J. Haldorsen þenna sinn helming bæjarins; til sönnunar eignarrjetti sínum yfir bæjarhelmingnum vitnaði Jón Gíslason til yfirlýsingar Guðmundar Guðmundssonar, er hann hafði útgefið 3. nóv. 1887 og O. Haldorsen framlagði á 1. uppbodinu. Um þessi mótmæli úrskurðaði uppbodsretturinn hinn 1. dag júnímán. f. á., að þau yrðu ekki til greina tekin, og var síðan hin veðsetta eign boðin upp, og með því að eigi fekkst meira en 200 króna boð í hana, krafðist umboðsmaður landsbankans þess, að eignin yrði lögð bankanum út fyrir hæsta boð.

Framangreindum fjárnáms- og uppbodsgjörðum, svo og hinum uppkveðnu úrskurðum, hefur Jón Gíslason, að fenginni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 26. september f. á., og eru það hans rjettarkröfur, að gjörðirnar og úrskurðirnar verði dæmdir ómerkir, annaðhvort að öllu leyti, eða til vara að því leyti sem þær og þeir snerta eign áfrýjandans, $\frac{1}{2}$ bæinn Lindargötu, og að stjórn landsbankans verði skylduð til að greiða áfrýjandanum skadabætur, að upphæð 200 krónur eða eptir mati, sömuleiðis hæfileg málfærslulaun, og allan málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Á hinn bóginn hefur stefndi krafist þess, að málinu verði frávísað yfirdómi og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hæfilega upphæð sem «kost og tæring», en til vara að hinar áfrýjuðu gjörðir verði staðfestar og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá áfrýjanda.

Frávísunarkröfur sínar hefur stefndi byggt á því, að 3 skjöl, fram lögð í uppboðsrjettinum, hafa eigi verið innfærð í uppboðsgjörðirnar, heldur látin fylgja þeim in originali; en þessi áminnztu skjöl eru eigi svo úr gærði gjörð, að heimitað verði af uppboðsrjettinum, að hann innfærði þau í uppboðsgjörðirnar, og verður því málinu eigi frávísað fyrir þá sök.

Þar sem umboðsmaður áfrýjanda á hinn bóginn hefur krafizt þess, að hinar áfrýjuðu rjettargjörðir verði dæmdar ómerkar, þá hefur hann tilfært sem ástæðu fyrir þessari kröfu sinni, að skuldunaut hafi eigi lögum samkvæmt (sjá lög um lögtak og fjárnám 16. desbr. 1885, 15. gr.) verið birt lögtakið fyrir fram og að fjárnámsbeiðandi hafi eigi mætt nje látið mæta við fjárnámið eins og fyrir er mælt í lögum um að aðför 4. nóv. 1887, 34. gr. Þetta getur þó eigi hnekkt gildi umgetinna rjettargjörða. Skuldunautur, Guðmundur Guðmundsson, átti að vísu heimting á því, að fjárnámið væri birt fyrir honum lögum samkvæmt; en hann hefur eigi áfrýjað fjárnámsgjörðinni, og áfrýjandinn, sem sjálfur eigi gat krafizt þess, að honum væri gjörð tilkynning um fjárnámið, getur að því leyti eigi notið hins sama rjettar og Guðmundur í þessu máli. Þá verður og yfirdómurinn að álíta, að úr því að fógetinn treysti sjer til að framkvæma fjárnámsgjörðina, án þess að gjörðarbeiðandi væri sjálfur viðstaddur eða ljeti mæta fyrir sig við fjárnámið, þá verði gjörðin eigi ónýtt fyrir þessa skuld; fógetinn gat að vísu krafizt þess, að fjárnámsbeiðandi væri viðstaddur, en honum var eigi skylt að gjöra það. Samkvæmt þessu verða ómerkingarkröfur áfrýjanda eigi teknar til greina.

Þá hefur umboðsmaður áfrýjandans haldið því fram,

og gjört þá kröfu, að fjárnámið og uppboðsgjörðin með undanfarandi úrskurðum verði úr gildi fellt, að minnsta kosti að nokkru leyti, með því að áfrýjandinn, Jón Gíslason, hafi átt hálfu hina veðsettu og seldu eign, og Guðmundur Guðmundsson hafi eigi haft neina heimild til að veðsetja þennan eignarpart áfrýjandans. Eins og áður er tekið fram veðsetti Guðmundur sparissjóðnum «húseign sína í Reykjavík, steinhús á Arnarhólslóð, með lóð og öllu, er eigninni fylgir», án þess, að þess þá væri getið, að nokkur annar ætti part í húsinu; veðbrjefið var síðan pinglesið athugasemdalaust hinn 8. maí 1884. Áfrýjandinn hefur nú sem sönnun fyrir því, að hann hafi frá fyrsta verið eigandi að hálfri hinni veðsettu eign, vitnað, eins og áður hefur sagt verið, til yfirlýsingar Guðmundar Guðmundssonar, þess er út gaf nýnefnt veðskuldabryf, dagsettrar 3. nóvember 1887, þar sem Guðmundur lýsir því yfir, að áfrýjandinn «byggði hann (bæinn Lindargötu) frá stofni að hálfu á móti mjer og er eigandi hans að hálfu»; en þessi orð má að minnsta kosti skilja á þann veg, er uppboðsráðandi virðist hafa gjört, að með þeim sje að eins viðurkennt, að áfrýjandinn þá (1887) sje orðinn eigandi að hálfum bænum, en eigi að hann hafi verið það frá fyrstu, og þenna skilning, sem getur fullkomlega samrýmzt orðunum í yfirlýsingunni, virðist rjett að adhyllast, þegar litið er bæði til áðurnefnds veðskuldabryfs, þar sem Guðmundur ekkert minnist á, að annar sje eigandi að nokkrum hluta bæjarins, svo og til þess, að áfrýjandi sjálfur bar það fyrir uppboðsrjettinum, að Guðmundur hefði með vilja sínum og vitund verið skrifaður fyrir bænum frá því hann var byggður og allt þar til að Guðmundur gaf út yfirlýsinguna 1887. Samkvæmt þessu verður að

álfta, að áfrýjandinn hafi eigi fært sönnur fyrir því, að veðsetningin til sparisjóðsins hafi verið ólögmæt, að því helming hinnar veðsettu eignar snertir, og verður því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnáms- og uppboðsgjörð og undanfarandi úrskurði. Málskostnaður virðist eiga að falla niður, og eptir þessum úrslitum málsins verða engin málsfærslulaun tildæmd hinum skipaða málfærslumanni áfrýjandans.

Það vottast, að flutningur málsins af hálfu sækjanda hefur verið lögmætur.

P v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hin áfrýjada fjárnámsgjörð og uppboðsgjörð með undanfarandi úrskurðum eiga að vera óraskaðar.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. janúarmánaðar.

Nr. 52/1889.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps.

gegn

Halldóri Briem.

D ó m u r :

Hinn 27. febrúar f. á. gjörði hreppstjórinn í Arnarneshreppi lögtak hjá Halldóri Briem, kennara við Möðruvallaskóla, fyrir aukaútsvari, að upphæð 30 kr., er hreppsnefndin í Arnarneshreppi hafði lagt á Halldór Briem fyrir árið 1888—89. Þessa lögtaksgjörð felldi fógetarjettur Eyjafjardarsýslu úr gildi 13. marz næst eptir. En með stefnu 26. ágúst f. á. áfrýjaði hreppsnefnd Arnarneshrepps nýnefndum úrskurði til landsyfirdómsins og hafði til þess fengið gjafsókn og